

CQ TF



fréttabréf

4. árgangur

2. tölublað

feb.-apríl 1935

AMATÖRRADIÓÞJÓNUSTAN



Heillandi heinnur
með morssi, töli, fjárritun, töluufjarshiptum,
loftsteins- tungl- og norðurljósaendurkæsti,
sjónbrúpi, myndsendingum, radiómiðunum,
eigin þerfittungtum.....
.....og mörgu öðru.



Þýddur hefur verið á íslenzku upplýsingabæklingur um amatörradíó, sem saminn var af alþjóðlegum vinnuhópi radióamatöra á vegum alþjóðasamtakanna IARU og gefinn út af þeim undir nafninu "A Case for Amateur Radio" og kallaður á íslenzku AMATÖRRADIÓÞJÓNUSTAN.

Sterk áhersla er lögð á menntunargildi amatörradíós í þessari greinargerð. Lögð er jafnframt áhersla á að litið sé á amatörradíó sem þjóðarauðlind, en ekki þrönga eiginhagsmuni.

En í hverju felst þessi þjóðarauðlind? Í stuttu máli felst hún í gráum heilasellum.

Heilasella sem ekkert fær að starfa visnar og deyr og kemur engum að gagni. Til að koma þeim gráu í gang, er nauðsynlegt að fá þeim eitthvað skemmtilegt að gera, ásamt með hæfilegu magni af kröfum um árangur, og umbun að því loknu. Þjónusta radióamatöra felst m.a. í því mikla sjálfsnámi, sem þeir leggja sjálfviljugir á sig vegna ánægjunnar og stigvaxandi leyfa sem þeir fá í staðinn.

Sjálfsnámið krefst ögunar, sem skilur sér með margvíslegum hætti í þeim viðfangsefnum sem þeir taka sér fyrir hendur. Af þessum sökum getur starfsemin verið ótrúlega fjölbreytt og öflug og komið samfélaginu til góða með ýmsum hætti, beint og óbeint.

Spurningin fyrir okkur sem radióamatöra er kannski ekki hvort amatörradíó sé þjóðarauðlind, heldur; Viljum við stuðla að því að svo sé? Með því að meta stefnu okkar í ýmsum málum út frá menntunargildinu, þá stuðlum við að því að svo sé.

Í fréttatilkynningu sem ÍRA sendi fjölmiðlum í tilefni alþjóðadags radióamatöra hinn 13 apríl 1985 var komið inn á þessi atriði með tilvitnunum í bæklinginn:

Þjálfun radióamatöra er mikilvæg uppspretta þekkingar í rafeinda- og fjarskiptatækni. Hún hvetur margt ungt fólk til að afla sér frekari menntunar á þessu sviði. Rafeinda- og fjarskipta-sérfræðingar sem sprotnir eru upp úr þessum jarðvegi hafa sem radióamatörar einstakt tækifæri til símenntunar með því m.a. að prófa í reynd ýmsar raf-eindarásir og tæki í samvinnu við aðra radióamatöra. Dæmi um þetta er að radióamatörar austan hafs og vestan hafa smíðað sjálfir nær því 20 gervitungl, sem radióamatörar um heim allan hafa haft aðgang að með tilraunir og sendingar.

Þótt tiltölulega hátt hlutfall radióamatöra í heiminum sé verkfræðingar, tæknifræðingar, vísindamenn eða forstjórar í einhverskonar rafeindaiðnaði, þá er meirihlutinn það ekki. Meðal radióamatöra er að finna kónga og kennimenn, lækna og listamenn, forseta, húsmæður, skrifstofumenn, tónlistarmenn og unglinga við nám.

Radióamatörar geta dags daglega rætt á heimilum sínum á vingjarnlegan og kumpánlegan hátt við tilraunabræður sína um allan heim og deilt með þeim reynslu og sérþekkingu. Þannig brúa þeir bil stjórnmálaskoðana, trúarbragða, kynþátta, kynslóða, stétta og fjarlægða með þeim hætti, að hvergi er að finna hliðstæðu í mannlegum samskiptum. Tilvitnun lýkur.

Sú stefna sem félagið hefur fylgt á undanförunum árum, er að líta á amatörradió sterkllega í ljósi menntunargildis og fremur sem þjóðarauðlind heldur en þrönga eiginhagsmuni. Stefna félagsins hefur því verið og á að vera í takt við þessi alþjóðlegu viðhorf og heilbrigða skynsemi.

Ástæða er til að benda sérstaklega á þetta, því þessi sjónarmið hafa ekki alltaf notið þess skilnings hjá öllum okkar félagsmönnum, sem þeim ber.



CQ TF fréttabréf
Útg.: Íslenskir Radióamatörar, pósthólf 1058, 121 Reykjavík.
hið íslenska aðildarfélag í
IARU, IARU Region 1 og NRAU.
Ritstj. og ábm.: *Kristján, Benediktsson*, TF3KB.
Efni sendist ritstjóra í síðasta
lagi 20. hvers *mán.* fyrir næstu útg.
í pósthólf 8873, 128 Reykjavík.

HLJÓÐNAÐ MERKI:

++++
+ **ÍVAR ÞÓR ÞÓRARINSSON , TF3BV** +
++++

f. 28. nóv. 1916 - d. 10. feb. 1985

“Uhyggen spreder sig”. Daginn eftir aðalfund félagsins 1985 var Ívar Þór Þórarinsson allur. “Einn-tveir-þrír-fjórir-fimm-dimmalimm” á eftir að heyrast um langan aldur, en ekki lengur af vörum TF3BV.

Ívar var fæddur inn í músikina, og með annan fótinn í henni alla ævi. Faðir hans Þórarinn Guðmundsson fiðluleikari og tónskáld hafði verið undrabarn á tónlistarsviðinu. Um 1930 voru saman komnir í unglíngahljómsveit undir stjórn Þórarins þeir fiðlarar og blásarar, sem seinna urðu uppistaðan í sinfóníuhljómsveitinni. Þar var Ívar með fiðluna sína á fyrsta þúlti innan við fermingu, en faðir hans hafði kennt honum frá barnæsku.

Hann var 17 ára, þegar hann sigldi til Kaupmannahafnar til að læra hljóðfærasmíði og kom heim fullnuma fjórum árum síðar. Starfaði hann upp frá því við viðgerðir á hljóðfærum fyrst og fremst fiðlum og öðrum strengjahljóðfærum og fetaði þar í fótspor afa síns. Vandvirkni hans, nákvæmni og kunnáttu á því sviði var einstök. Var hann á þessu sviði sem og öðrum mikill “perfeksjónisti” og fagurkeri. Tóneyra hafði hann með afbrigðum og fyrirhafnarlausu listræna innsýn, sem fáum er gefin.

Fljótlega eftir heimkomuna frá Höfn fór hann jafnframt að starfa við tónlistardeild ríkisútvarpsins. og var dagskrárgerðarmaður þar á þriðja áratug. Hann var umsjónarmaður útvarpshljómsveitarinnar hjá föður sínum og seinna sinfóníuhljómsveitarinnar. Aldrei gekk hann í FÍH, þótt hann spilaði manna best á fiðlu, gítar, mandólín og selló á þessum tíma og raunar hvaða strengjahljóðfæri sem vera skal, þar með talið píanó. Hann stjórnaði og lék í Swingtríóinu, sem lífgaði upp á samkvæmislíf höfuðborgarinnar á árunum fyrir stríð. Einnig rak hann um skeið hljóðfæraverslanir undir nafninu Prestó og tók að sér píanóstillingar.

Ívari var skáklistinn í blóð borin eins og músíkin. Hann var talinn einn fínasti hraðskákmaður okkar meðan hann telfdi á fyrir Ríkisútvarpið, en gerði oft á fyrsta borði. Þótti mörgum unun á að horfa hvernig hann rústaði andstæðinginn fyrirhafnarlaust í hröðu tempói. Þurfti að sögn ekki að kunna mannganginn til að njóta snilldarinnar.

Það var á árunum kringum 1967 að Ívar kemur inn í raðir radióamatöra og gerist félagi í ÍRA. Þar með byrjuðu löng og ánægjuleg kynni hans og félagsmanna. Við val á kallmerkínum dah-di-dit di-di-dah var tóneyrað með í ráðum. Hann gegndi um skeið störfum QSL-forstjóra félagsins og endurskoðanda. Ekki var hann eins djúpt sokkinn og margir aðrir í dellunni, en tók þessu hæfilega létt og hlustaði á Oscar Peterson, eða greip í sellóið á milli þess, sem hann var í DX.

Ívar var gjarnan miðpunktur samræðnanna með sínum léttu og gáskafulla húmor, hvort heldur var í loftinu eða félagsheimilinu, og eignaðist hann marga vini innan lands og utan þau ár sem hann starfaði sem radióamatör. Storm P. sögurnar, sem hann kunnir allar flugu um loftið á milli tilvitnana í "Fröken Jensens Kogebog", Sameinuð hlátrasköll þeirra, sem höfðu opið á 3710, þegar Ívar var þar upp á sitt besta hefðu fyllt stóran sal. Hætt er við að þeim sem nutu þessa, þyki nú heldur daufleg vistin þar, eftir að hans nýtur ekki lengur við.

Orðheppinn segja sumir, en því fer fjarri að orðin væru eitthvert glópalán. Mörgum sem hlógu álengdar yfirsást að í raun var að baki glettninni auðsærð persóna, með listrænar gáfur og mannlegt innsæi langt umfram það venjulega.

Íslenzkir radióamatörar senda honum hinstu kveðju sína og aðstandendum samúðar-kveðjur.

TF3KB

FRÁ AÐALFUNDI ÍRA 1985

Aðalfundur ÍRA var haldinn að Hótel Esju hinn 9. febrúar 1985. Á dagskrá samkvæmt félagssamþykktum gaf formaður skýrslu um starfsemi félagsins sl. ár. Verða hér raktir nokkrir punktar úr skýrslunni:

Fyrir aðalfund voru 180 manns á félagaskrá. Þá höfðu 102 greitt félagsgjaldið, einhverjir hafa greitt hér í upphafi fundar. 14 nýir félagar voru samþykktir inn í félagið. Átta leyfistilfærslur Íslendinga voru frá A-leyfi upp í B-leyfi. Tvær samsvarandi fyrir útlendinga. Einn nýr A-leyfismaður kom inn og er það loftskeytamaður, en ekkert A-próf var haldið. Þá voru afgreiddar 15 leyfisumsóknir útlendinga.

Nýliðapróf undir umsjón prófnefndar félagsins var haldið á sl. ári og komu þrjú menn hæfir til nýliðaleyfis út úr því, en tveir þeirra hafa tekið út stöð. Nýliðamál voru nokkuð í brennidepli á árinu og er það vegna samþykktar, sem gerð var á síðasta aðalfundi. Samþykktin var á þá leið félagið gangist fyrir því að reglugerð sé breytt þannig að nýliða sé heimilt að staðnæmast á nýliðaleyfi eins lengi og hann þarf og vill, í stað tveggja ára tímatakmörkunar eins og nú er. Stjórnin samþykkti á sínum fyrsta fundi að taka þetta upp við P&S við næstu reglugerðarbreytingu. Jafnframt þótti sýnt að breytt staða nýliðaleyfa kallaði á breytt viðhorf til ábyrgðar félagsins á nýliðum og einnig hugsanlega þyngd nýliðaprófa. Var prófnefnd falið að gera úttekt á þeim atriðum. Niðurstaða prófnefndar liggur nú fyrir og mun Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX formaður prófnefndar gera grein fyrir henni hér á eftir.

Félagsheimilið hefur verið starfrækt allt sl. ár með svipuðu sniði og verið hefur. Smíða-aðstaðan og félagsstöðin hafa verið opin félagsmönnum til afnota. QSL-þjónustan er rekin af Matthíasi Hagvaag, TF3-035 með ágætum og mun hann gera grein fyrir því hér á eftir. Húsnæðismál félagsins voru nokkuð til umræðu á síðasta ári, m.a. vegna þess að félagið þarf að fara úr núverandi húsnæði í

síðasta lagi eftir eitt og hálftr ári. Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að hann taki málið föstum tókum og skipi fimm manna nefnd til að vinna að húsnæðismálum félagsins á þessu ári. Félagið verður 40 ára á næsta ári og væri það verðug afmælisgjöf félagsmanna að flytja í nýtt húsnæði á afmælisárinu.

Húsnæði er félaginu ekki allt. Hvað varðar samband milli félagsmanna, skiptir útkoma félagsblaðs, eða fréttabréfs sköpum, sérstaklega m.t.t. þeirra, sem búa úti á landi eða erlendis. Eitt fréttabréf er nýkomið út og er að því stefnt að framhald verði á útkomu þess.

Nokkuð hefur verið rætt um það manna á meðal, hvort mikið eða lítið hafi verið að gerast í félaginu á síðasta ári. Niðurstaða manna ræðst nokkuð af því í hvaða hópi menn standa, í hópi áhorfandans eða hins virka félagsmanns. Dæmi: Stutt saga; Félagismaður kom inn í ÍRA og var þar hópur manna að vinna fyrir félagið. "Nú", sagði maðurinn, "ekkert um að vera", og hann snerist á hæli og gekk út aftur. Þetta leiðir hugann að því að það má sjá nokkra gjá sem er milli þeirra sem aldrei gera neitt fyrir félagið, en ætlast til að allir aðrir geri alla hluti, en eru svo með fagurgala við hin og þessi tækifæri. Það hafa á undanförunum árum komið fram aragrúi af hugmyndum um hvað á að gera og hvernig á að leysa hin eða þessi vandamál félagsins, þannig að það eru ekki hugmyndir sem vantar, heldur menn sem vilja og geta framkvæmt þær með fyllstu amatörsjónarmið að leiðarljósi.

Annars fáum við heyra frá félagsmönnum okkar sem hafa dvalið, eða dveljast erlendis samanburð við USA (TF3KX), Þýskaland (TF3UA), og Danmörku (TF8KD).....Sama sagan: Blessaðir, þið þurfið ekki að kvarta, starfsemin heima á Íslandi er hreinasta hátíð hjá því sem hér er. Þá höfum við það.

Hvað eru margir hér inni sem hafa fórnað einum degi eða meira í vinnutap á s1 . ári fyrir félagið???? (einn maður , TF3DX réttir upp hendi).

Mér telst til að ég hafi fórnað 6 vikum í ólaunað vinnutap á s1 . ári f. félagið. Og svo er mér sem formanni legið á hálsi fyrir að hitt og þetta er ógert. ég hef reynt að dreifa verkefnum, en gengið misjafnlega. Menn tína til allskonar atriði, sem betur mega fara, en aldrei er minnst á það sem vel er gert.

Þetta er angi af því að félagið er ekkert annað en félagarnir. Þeir starfa í sjálfböðavinnu. Þegar eitthvað þarf lækningar, þá er alltaf betra að ráðast að meininu heldur en að lækna sjúkdómseinkennin. Lausnin á þessum vanda er að félagsmenn gerist fúsari til að taka við verkefnum fyrir félagið, þegar til þeirra er leitað, eða enn betra gera það að eigin frumkvæði . Þá dreifast verkefni og margar hendur vinna létt verk.

Því miður þá hef ég orðið í hreinni sjálfsvörn orðið að horfa uppá ýmislegt ógert þó mér væri það þvert um geð.

Verkefni framundan óþrjótandi, nægir að nefna nokkur lykilorð; Ár æskunnar, húsnæðismál, loftnetsaðstaða, útgáfu- kynningar og fjárflyunarmál. Amatörar hafa löngum verið á undan atvinnuönnunum, því ekki vera fyrstir með íslenzkt gervitungl. Íslendingur sem býr

í Kanada og fer með geimskutlunni. . . . því ekki biðja hann að hafa hnöttinn með sér í ferðatöskunni

Sjöttu TF útleikarnir fóru fram um verslunarmannahelgina og mátti sjá í radíódagbókum að TF3DX, TF3XUU, TF1PSN, TF5BW, TF3KM TF3FG, TF30F, TF3TTN, TF3KB, TF5GW, TF5EP, TF3OM, og TF3GG létu í sér heyra. Að þessu sinni sótti félagið sérstaklega til Pósts- og síma um undanþágu fyrir nýliða til að starfrækja stöðvar sínar á tímabundnum aðsetursstað og fékkst það leyfi. Í flokki HF stöðva varð sigurvegari Brynjólfur Jónsson, TF5BW með 406.560 punkta..... er einhver sem getur tekið að sér að koma þessu til hans.....? Í flokki nýliða varð hlutskarpastur Þorvaldur Stefánsson, TF1PSN með 61600 punkta....og vil ég biðja hann að gjöra svo vel að koma hingað og taka við viðurkenningarskjalinu.....

Íslenzkir radíóamatörar stigu skref fram á við á sl. ári fyrir milligöngu Yngva Harðarsonar, TF3YH sem heyrði í fyrsta sinn merki sem var endurkastað frá mánanum og var það Kanadísk stöð, sem hann heyrði. Fullyrðingar hafa heyrst að Yngvi hafi heyrst í Kaliforníu gegnum "Moon-bounce", en skv. Yngva er óstaðfest að svo sé. Ennfremur fullyrti sænsk stöð að hún hefði haft samband við hann en það er ekki rétt. Annað skref var stigið af TF3T með samböndum um OSCAR 10.

Einn radíóamatör, TF5BW heyrðist á 209 kHz einn morgunn í janúar sl. Héldu sumir syfjaðir, að þar væri píрати á ferð, þangað til þeir voru búnir að nudda stúrnar úr augnum og uppgötvuðu að þetta var útvarpsviðtal við TF5BW í RUVAK.....

Þriðju viku í október var JOTA, skátamótið í loftinu haldið að venju og var Þór Þórisson, TF5GW aðaldrifjöðrin í því að þessu sinni. Starfsemin á Akureyri hefur verið til fyrirmyndar, og koma þeir ýmsu í verk, sem sunnanmönnum virðist um megn eins og þessi dæmi sýna.

Útvarpslagafurvarpið var nokkuð í sviðsljósinu á sl. ári og er enn, eins og mönnum er kunnugt. Tveir radíóamatörar þeir TF3DX og TF3KB voru kallaðir sem verkfræðingar á fund menntamálanefndar neðrideildar um málið. Í tengslum við það komu þeir auga á nokkur atriði, sem gæti varðað radíóamatöra. Sendi félagið bréf til nefndarinnar með athugasemdum um þrjú atriði. Ekki er enn vitað um umdirtektir nefndarinnar, en þingflokkur alþýðuflokksins hefur sent félaginu breytingartillögur sínar til umsagnar og er þar nokkuð tillit til sjónarmiða félagsins og radíóamatörar nefndir á nafn.

Óneitanlega er fólk misvel upplýst um eðli og tilgang amatörradíós. Þetta getur verið óheppilegt, t.d. þegar við þurfum að leita ásjár um einhver málefni okkar hjá embættismönnum eða öðrum. Að nokkru leyti er þetta okkur sjálfum að kenna og í aðra röndina vegna þess að hinum fjölbreyttu hliðum, sem þessi starfsemi hefur, kynnast aðeins þeir sem hana stunda.

Á undanförunum árum hefur af og til borið á góma innan félags og utan hvað amatörradíó sé. Sú mynd sem dregin er upp hefur verið nokkuð misjöfn eftir því hver á í hlut. Stundum gætir misskilnings, sem hefur jafnvel náð inn í raðir radíóamatöra sjálfra. Það má spyrja: fyrir hvað stöndum við sem radíóamatörar? en nær væri þó að spyrja fyrir hvað viljum við standa?

Til að reyna að gefa svar við þessu að einhverju leyti, hef ég nú þýtt bækling sem alþjóðlegur vinnuhópur á vegum IARU samdi. Vil ég biðja menn að kynna sér og öðrum efnið vandlega. Það er vissulega þörf á að skapa okkur sterkari ímynd bæði útávið og innávið. Ef við stöndum sem einn maður að baki þeirrar myndar af amatör-radíói sem dregin upp í þessum bæklingi og vinnum að því að gera hana sanna, þá þurfum við sem radióamatörar ekki að kvíða framtíðinni (bæklingnum dreift).

Næst kom formaður inn á alþjóðasamskipti og greindi frá nýrri stjórnarskrá (e. constitution) fyrir IARU, sem samþykkt var á sl. ári. Þá gerði hann grein fyrir ferðum sínum á NRAU fundinn í Stokkhólmi og IARU Region 1 ráðstefnuna; Cefalú. Yrði of langt mál að greina frá því öllu hér, en aðeins drepði á örfá atriði:

Skrautritari var fenginn til að áletra fyrsta íslenska diplómið og var það afhent á Stokk-hólmsfundi NRAU. Þar tók við því OY7ML fyrir hönd handhafans OY2H. Á ráðstefnunni í Cefalú var samþykkt ein íslensk tillaga um að gera einn dag á ári hverju að alþjóð- legum QRP-degi. Fyrir valinu varð 17. júní. Þá greindi formaður frá heimsókn sinni til RSGB á alþjóðadegi radióamatöra hinn 18. apríl 1984 og sýndi litskyggjur frá öllum ferðum sínum. Formaður IARU Region 1, Lou Nadort, PAOLOU gaf ráðstefnugestum í Cefalú lokaheiliræði. Formaður ÍRA kvaðst við lok skýrslu sinnar til aðalfundar vilja gera þetta heiliræði að sínu, en það er:

TALIÐ ALDREI UM AMATÖRRADÍÓ SEM BARA HOBBY.

SKÝRSLA PRÓFNEFNDAR TIL AÐALFUNDAR 1985

Próf

Nýliðapróf var haldið s.l. vor. Sex reyndu og þrjár luku prófi:

Bjarki Brynjarsson, TF3TTN og TF3TTT
Haraldur Helgi Þráinsson (væntanlegur TF3TRT)
Þorvaldur Stefánsson, TF1PSN.

Þeir sem ekki náðu stóðu sig venju fremur illa í morse. Það er mjög bagalegt að æfingasældur ÍRA hafa verið illfánlegar undanfarið. Sama má segja um nýliðabæklinginn.

Smávegis tölfraði

Frá upphafi hafa 51 fengið nýliðaleyfi. Um 60% nýliða hafa haldið áfram til annarra leyfa. Ef lítið er til skemmri tíma (1977) virðist aðeins um helmingur halda áfram.

S.l. 5 ár (1980-1984) luku 15 nýliðaprófi, en aðeins 7 þeirra (47%) hafa tekið út N- leyfi. Stundum virðast menn fylgja kunningjum gegnum prófið af einskærri rælni, en oft er eins og þeir komi því ekki í verk að útbúa skoðunarhæfa stöð. Væri vel ef eldri amatörar vildu sinna nýliðum betur en verið hefur undanfarið.

Ef litið er til eldri árganga, var árangurinn betri. Tæp 80% þeirra, sem urðu nýliðar 1971-1976 héldu áfram.

Námsefni til A-prófs

Vorið 1983 var unnið að því í samvinnu við P&s að taka saman lesefni til A-prófs. Þetta er nú til í möppu, sem mun liggja frammi í félagsheimilinu. Annað eintak verður í vörslu prófnefndar. Það verður hægt að fá lánað til ljósritunar.

Tveggja ára reglan

Í framhaldi af samþykkt síðasta aðalfundar leitaði stjórn ÍRA umsagnar prófnefndar vegna undirbúnings að tillögum til reglugerðarbreytingar í samráði við samþykktina. Erindið og umsögnin fylgja hér með.

f.h. prófnefndar, TF3DX.

SAMÞYKKT UM NÝLIÐAMÁL Á AÐALF. ÍRA 1985

Tilgangur nýliðaleyfis er:

- að auðvelda undirbúning fyrir A- eða T-leyfi,
- að veita byrjendum útrás fyrir "þráðlausu fiðringinn" með litlum en öruggum sendum, undir handarjaðri reyndari amatöra,
- að hvetja til tækjasmíða
- að ná til unglinga.

N-leyfið er ekki lægsta stig fullgildra amatörleyfa, heldur einskonar undanþága til þeirra sem eru að búa sig undir amatörpróf undir handarjaðri ÍRA.

Starfsheimild N-leyfa sé aldrei rýmri en svo, að byrjendur geti fullnýtt hana með sendum sem þeir gætu smíðað.

Reglur um nýliðaleyfi ættu ávallt að vera þannig, að hagsmunir byrjenda séu í fyrir-rúmi.

TILKYNNINGAR:

I

CQ TF fréttabréf vantar menn til að sjá um fasta dálka eins og t.d.; "1 loftinu" (DX fréttir o.þ.h.), "Tæknimál" (Íóðboltagreinar o.þ.h.), "Hlustarinn" (dálkur fyrir byrjendur) o.fl. Rítstjóri.

VIÐ ÞÖKKUM S. HELGASON HF. SKEMMUVEGI 48, KÓPAV. VEITTA AÐSTOÐ VIÐ ÚT-GÁFU ÞESSA BLAÐS.
